

Fundargerð 3.3.2021

**Mætt voru:** Vala, Kristján Hrafn, Katrín, Linda Ösp, Ellý, Ingibjörg Magnúsar, Sunneva, Andri Steinar, María Pálmadóttir skólastjóri sem stýrði fundi og Margrét Ólöf Jónsdóttir aðstoðarskólastjóri sem ritaði fundargerð.

## Dagskrá fundarins:

- **Öryggi, húsnæði og aðstaða**

Hafsteinn fór yfir öryggismál í skólanum og að búið er að uppfæra rýmingaráættun. Sett verða ný veggspjöld í allar stofur og haldin verður rýmingaráættun á vormánuðum. Búið er að setja nýjar bjöllur, farið er yfir reykskynjara einu sinni á ári, slökkvitæki. Vatnsúðunarkerfið er þrýstiprófa þriðja hvern mánuð. Búið er að bæta lýsingu í kringum skólann og verður bætt í enn frekar á vormánuðum.

- **Skólalóðin – öryggi og aðbúnaður**

Mikill áhugi er að nýta körfuboltavöllinn og stendur til að endurnýja hann í sumar. Verið er að endurnýja útihurðir í skólanum. Settar hafa verið upp rafmagnshurðir og er það til mikilla bóta því með því móti er hægt að stýra bæði hvenær skólinn er opin. Hafsteinn fór einnig yfir að öryggismyndavélar eru við skólann. Þær hafa sannað gildi sitt þar sem nemendur hafa sótt inn í skólann. Það eru nokkrir blindir blettir og eins er þörf á að fá myndavélar í anddyri. Ellý kom með þá tillög að setja upp ytri hlera til þess að verja hurðirnar. Hafsteinn fór yfir þær framkvæmdir sem sem gerðar hafa verið í vetur. Búið er að mála allar kennslustofur og opin svæði í unglingdeild. Ljósín á göngunum eru úr sér gengin. Stefnt er að því að skipta út ljósum á fyrstu hæðinni á þessu ári. Búið er að endurnýja vatnsinntakið bæði heitt og kalt vatn. Eftir er að endurnýja frárennslið og endurnýja elemet fyrir snjóbræðsluna. Íþróttahúsið þar hefur ein hlið verið klædd og steinveggur sem búið er að laga. Íþróttasalurinn búið er að laga hljóðvist með því að klæða veggina. Ingibjörg benti á að það vanti fleiri hljólagrindur. Kastalinn búið er að ræða það við framkvæmdasvið en með því að breyta honum fellur tryggingin úr gildi.

- **Skóladagatal 2021 – 2022**

Farið var yfir skóladagatal fyrir skólaárið 2021-2022. María fór yfir að um er að ræða 3 skóladagatöl, fyrir 1. bekk, 2-7. bekk og fyrir unglingadeild. Á skóladagatalinu verða nú 10 skertir dagar og 10 uppbrotsdagar. Það er að ósk kennara að hafa uppbrotsdaga. Fulltrúar í skólaráðis undirrituðu og samþykktu skóladagatalið.

Kristján kom með fyrirspurn um að hafa þemaverkefni fyrir 10. bekk að vori.

- **Erindi frá fræðsluráði Hafnarfjarðar** "Fræðsluráð óskar eftir því að skólaráð hvers grunnskóla fjalli um og skili álit til fræðsluráðs fyrir 15. mars um hvort ástæða sé til að endurskoða núverandi fyrirkomulag á vetrarfríi í grunnskólum. Vetrarfríi í grunnskólum Hafnarfjarðar er tvískipt og því þörf á þeirri umræðu hvort halda á núverandi fyrirkomulagi, að vetrarfríð yrði í einu lagi og eða hvort vilji sé til þess að gera breytingu annað hvert ár."

# Skólaráð

---

- Fræðsluráð spyr hvort skólaráð styðji áfram 2x2 daga í vetrarfrí (2 á hvorri önn) eða það vilji hafa vetrarfrí í einu lagi (5 dagar í febrúar) eða hafa bæði og þá annað hvert ár 2x2 daga og hitt árið 5 daga. **Bið ykkur að velja þessu fyrir ykkur fyrir fundinn.**
- Sú tillaga kom upp að gera könnun meðal foreldra. Foreldrafulltrúar í skólaráði ætlar að senda út könnun til foreldra. Ellý bent á að stundum eru páskafrí mjög snemma og því kannski ekki þörf á svona löngu fríi á þeim skólaárum. Bréf verður samið í sameiningu. Niðurstaða úr könnun þarf að liggja fyrir fyrir 10. mars.

Fundi slitið,

Margrét Ólöf Jónsdóttir.